

## Minnisblað um högun rafrænnar kjörskrár samkvæmt frumvarpi til kosningalaga<sup>1</sup>

Í 20.gr. frumvarps er kveðið á um að Þjóðskrá Íslands hafi það hlutverk að annast gerð og rekstur rafrænnar kjörskrár. Í VI. kafla frumvarpsins eru frekari ákvæði um kjörskrá. Þar kemur fram í 34.gr. að Þjóðskrá Íslands ákveði gerð og útlit rafrænnar kjörskrár og ennfremur að ráðherra skuli kveða nánar á um notkun og kröfur til skrárinnar.

Til að rafræn kjörskrá nýtist sem best til hagskýrslugerðar þá er þarf að gæta þess að hönnun hennar taki mið af þeim notum enda stendur í lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, sbr. 6. gr., að „Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar.“

Með góðri högun má tryggja sjálfvirka úrvinnslu upplýsinga úr kjörskrá og þannig hámarka hagræði, lágmarka svarbyrði yfirkjörstjórna og starfsfólks við framkvæmd kosninga um leið og áhætta vegna persónuverndar er lágörkuð og gæði hagtalna tryggð.

Þegar rafræn kjörskrá er sett upp þarf að haga í huga hvaða dálkar eru nauðsynlegir, hverjir þeirra verða læstir og hvaða dálkar verða opnir til útfyllingar fyrir starfsfólk kosninga. Til dæmis má sjá fyrir sér að eftirfarandi dálkar verði útfylltir af þjóðskrá og læstir í rafrænni kjörskrá:

- kennitala: Auðkenni kjósenda. Til upplýsinga fyrir starfsfólk kosninga og til að aðstoða við uppflettingu kjósenda.
- nafn: Til upplýsinga fyrir starfsfólk kosninga og til að aðstoða við uppflettingu kjósenda.
- tegund kjósenda: Hefðbundin breyta í kjörskrárstofni sem gæti verið gagnleg í kjörskrá
- kjördæmi: Til upplýsinga fyrir starfsfólk kosninga, einnig mikilvæg bakgrunnsbreyta fyrir úrvinnslu Hagstofunnar.
- kjörstaður: Til upplýsinga fyrir starfsfólk kosninga.
- kjördeild: Til upplýsinga fyrir starfsfólk kosninga.

Að auki er nauðsynlegt að í rafrænni kjörskrá séu dálkar sem hægt er að fylla út af starfsfólki kosninga:

- kaus: Dálkur þar sem er merkt við þegar viðkomandi kýs.
- utankjörfundaratkvæði: Dálkur þar sem merkt er við ef viðkomandi kaus utan kjörfundar.
- aðstoð við kosningu: Dálkur þar sem merkt er við viðkomandi naut aðstoðar við kosningu (í samræmi við 90.gr. frumvarpsins)
- kjördeild kosið: Skráning á því í hvaða kjördeild viðkomandi kaus (í samræmi við 34. grein frumvarpsins).

---

<sup>1</sup> Sbr. þingskjal 401 – 339.mál, <https://www.althingi.is/altext/151/s/0401.html>